

Ár 2007, miðvikudaginn 18. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ríkisendurskoðanda

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Kjararáð ákveður laun ríkisendurskoðanda samkvæmt 2. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997.

II.

Kjararáði barst erindi frá ríkisendurskoðanda dagsett 30. október 2006 þar sem hann óskaði eftir að koma á fund ráðsins til að ræða kjör sín. Ástæða þess væri að verulega hefði hallað á þróun kjara ríkisendurskoðanda frá árinu 2000 í samanburði við aðra æðstu embættismenn ríkiskerfisins. Bréfinu fylgdi bréf hans til Kjaradóms dagsett 11. ágúst 2005. Í bréfinu sagði að þegar hann hefði tekið við embætti vararíkisendurskoðanda árið 1987 hefðu starfskjör hans verið þau sömu og ráðuneytisstjóra. Laun ríkisendurskoðanda sem hefðu verið ákveðin af Kjaradómi hefðu þá verið 3,5% hærrí en laun ráðuneytisstjóra. Sama hlutfall hefði verið árið 1992 þegar núverandi ríkisendurskoðandi tók við því starfi. Í bréfinu bar ríkisendurskoðandi saman laun nokkurra embættismanna árin 2000 og 2004.

Ríkisendurskoðandi kom á fund kjararáðs 6. mars 2007 og gerði frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Í máli hans kom fram að hann óskaði eftir launahækkun, einkum óskaði hann eftir því að hlutfall mánaðarlauna af heildarlaunum hækkaði.

Kjararáð gaf Alþingi og fjármálaráðuneytinu kost á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna erindisins með bréfum dagsettum 15. nóvember 2006. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 22. nóvember 2006. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til erindisins. Í bréfi forseta Alþingis sem dagsett var 27. desember 2006 sagði meðal annars að starf ríkisendurskoðanda væri sérstaks eðlis og mikilvægt væri að embætti hans væri tryggt fullt sjálfstæði bæði í ásýnd og raun gagnvart þeim aðilum sem því ber lögum samkvæmt að endurskoða og hafa eftirlit með. Til þess að svo væri skipti miklu máli að starfskjör hans væru viðunandi og eðlilegt að hann nyti að minnsta kosti sömu grunnlauna og ákvörðuð væru æðstu embættismönnum framkvæmdarvaldsins. Í bréfinu sagði enn fremur að forseti tæki undir athugasemdir ríkisendurskoðanda um að launakjör hans kæmu til endurskoðunar og að þau yrðu ákvörðuð með hliðsjón af launum og launaþróun hjá æðstu embættismönnum Stjórnarráðsins.

III.

Um ríkisendurskoðun gilda lög nr. 86/1997. Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og er hlutverk hennar að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá getur hún framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun. Hún skal annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda, sem skal hafa löggildingu sem endurskoðandi, til sex ára og er hann forstöðumaður ríkisendurskoðunar. Hann ræður aðra starfsmenn.

Hann er einn af starfsmönnum Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Í 2. gr. laganna segir að launakjör hans skuli ákveðin af kjararáði. Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum, sbr. 3. gr. laganna.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Hlutverk Ríkisendurskoðunar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar. Starf ríkisendurskoðanda er sérstaks eðlis, hann ber ábyrgð gagnvart Alþingi og er mikilvægt að embætti hans sé tryggt fullt sjálfstæði. Kjararáð telur eðlilegt að launakjör hans sé sambærilegt við launakjör æðstu embættismanna Stjórnarráðsins.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör ríkisendurskoðanda skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. apríl 2007 skulu mánaðarlaun ríkisendurskoðanda vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 139, nú 744.463 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkisendurskoðanda gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir